

Áhrif 14% VSK komudagur 15/12 1993
á útgjöld vísitölufjölskyldunnar

Að undanfögnu hefur sú hugmynd að leggja 14% VSK á matvæli mikið verið rædd meðal aðila vinnumarkaðarins. Með þeirri ráðstöfun telja þeir að best verði komið til móts við þá sem hafa lægstu tekjurnar, enda vegi þau útgjöld hlutfallslega þyngst hjá þeim hópi. Lauslega áætlað myndi slík ráðstöfun kosta ríkissjóð nálægt 4 milljörðum króna og lækka almennt verðlag að jafnaði um 1½%.

Til að glöggva sig betur á þessum áhrifum voru skoðaðir útgjaldareikningar tæplega 300 barnafjölskyldna. Þessir reikningar eru hluti af neyslukönnun sem lögð var til grundvallar nýlegri endurskoðun Hagstofu Íslands á vísitölu framfærslukostnaðar. Einnig voru skoðaðar framtaldar tekjur þessara sömu fjölskyldna fyrir árið 1990 framreiknaðar til marsverðlags 1993. Auk þess eru reiknaðar ráðstöfunartekjur þeirra, þ.e. framtaldar tekjur að frádregnum tekjuskatti en að viðbættum barnabótum, miðað við gildandi reglur. Útgjaldatölur eru á sambærilegu verðlagi. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður þessarar athugunar dregnar saman:

Tekjur og útgjöld barnafjölskyldna
miðað við verðlag í mars 1993

Árstekjur, m.kr.	1-1,5	1,5-2	2-2,5	2,5-3	3-3,5	3,5-4	4-5	>5	Meðal- tal
Fjöldi	18	38	58	61	45	31	28	12	291
Mánaðartölur, krónur:									
Meðaltekjur	120	164	207	250	293	344	403	540	265
Tekjuskattur	-4	-21	-38	-56	-74	-95	-120	-183	-63
Barnabætur	17	11	5	5	5	5	5	5	5
Ráðstöfunartekjur 1)	133	154	174	199	224	254	288	362	207
Matvælaútgjöld, meðaltal ²⁾	42	44	44	48	51	54	50	60	48
- lægsta tilvik í úrtaki	22	19	21	24	19	31	25	39	19
- hæsta	69	86	86	97	125	80	138	102	138
Matvæli sem hlutfall af meðaltekjum, %	36,5	27,7	21,9	19,9	17,9	16,2	12,8	11,5	18,9
- ráðstöfunartekjum, %	31,9	28,5	25,2	24,1	22,6	21,2	17,3	16,6	23,3
Áhrif 14% VSK á verð matvæla, %	-6,7	-6,9	-6,8	-6,8	-6,8	-6,7	-6,7	-6,5	-6,8
- útgjöld, krónur	-3.000	-3.300	-3.200	-3.500	-3.700	-3.900	-3.500	-4.100	-3.500
Áhrif 14% VSK á ráðstöfunartekjur, %	2,3	2,2	1,8	1,8	1,7	1,5	1,2	1,1	1,7

1) Miðað er við að þessar fjölskyldur eigi tvö börn annað eldra en 7 ára. Sú er hins vegar ekki reyndin í úrtakinu sem kann að skekkja myndina eitthvað.

2) Kaup á gosdrykkjum og útgjöld á veitingahúsum eru hér undanskilin.

Í töflunni kemur fram að matvælaútgjöld tekjulægri fjölskyldna eru hlutfallslegri meiri en þeirra sem hafa hærri tekjur. Samkvæmt könnuninni eyðir fjölskylda með 133 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði um það bil þriðjunggi tekna sinna í kaup á matvælum samanborið við rúmlega fimmtung hjá fjölskyldu með tæplega helmingi hærri tekjur, eða 254 þús. kr. á mánuði. Munurinn er liðlega 10%. Hins vegar er hann mun meiri þegar útgjöldin eru skoðuð sem hlutfall af tekjum án tillits til tekjuskatts og barnabóta, eða um 20%. Þetta frávik endurspeglar þá tekjujöfnun sem felst í tekjuskattkerfinu.

Lækkun VSK á matvælum úr 24½% í 14% eykur ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna um 1,7% að meðaltali miðað við fyrrgreint úrtak, eða um 3.500 krónur á mánuði. Þegar á heildina er lítið er breytingin talin heldur minni, eða 1½% eins og áður var komið fram.

Á hinn bóginn þarf að skoða þessar niðurstöður með nokkrum fyrirvara, meðal annars vegna þess að úrtakið er fremur lítið og því spurning um hversu marktækt það er. Þá kemur í ljós þegar matvælaútgjöldin eru skoðuð nánar, að meðaltölurnar dylja veruleg frávik, eða frá 19 þús. krónum á mánuði upp í 138 þús. krónur. Sem dæmi eyða fjölskyldur sem eru með tekjur á bilinu 3-3,5 milljónir í árstekjur allt frá rúmlega 8% upp í 55% af ráðstöfunartekjum sínum í matvæla kaup. Fjöldi barna kann að skipta hér einhverju máli, en þau eru ýmist tvö eða þrjú. Þá er kostnaður vegna kaupa á tilbúnum mat á veitingahúsum og mótuneytum undanskilin í þessu mati. Þetta tvennt skýrir þó tæplega þann mun sem hér kemur fram.